

REGLUGERÐ

um gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Yfirstjórn og gildissvið.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi fjallar um framkvæmd gæðamats á íslenskum æðardúni og starfsskyldur dúnmatsmanna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Dreifing: Sala eða afhending á fullhreinsuðum eða fullhreinsuðum og þvegunum æðardúni, eða sala og afhending á fullunninni vöru sem fyllt er með æðardúni.

Dúnmatmaður: Maður sem öðlast hefur leyfi ráðherra til að meta æðardún.

Dúnþvottur: Þegar fullhreinsaður æðardúnn er þvegin.

Fullhreinsun: Þegar æðardúnn hefur verið þurrhreinsaður á þann hátt að sem næst engir hnökrar, óhreinindi, kusk, ókunn efni, ryk eða fjaðrir finnast í dúninum.

3. gr.

Skipun dúnmatsmanna.

Ráðherra skal skipa dúnmatsmenn, með leyfisbréfum til 2-5 ára í senn. Þeir skulu uppfylla eftirgreind skilyrði:

- Hafa verulega reynslu af æðardúnstekju, meðhöndlun æðardúns og þekkingu á eiginleikum hans.
- Hafa sótt námskeið um dúnmat hjá Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem farið er yfir helstu atriði er snúa að æðarfugli, æðardúnstekju, geymslu, meðhöndlun hreinsun og eiginleikum æðardúns. Á námskeiðinu skal dúnmatsmönnum veitt leiðsögn um mat á æðardúni þannig að gætt sé samræmis við mat alls staðar á landinu. Dúnmatsmenn skulu sækja námskeið um dúnmat á a.m.k. fimm ára fresti eða ávallt áður en starfsleyfi fellur úr gildi, enda hafi þeir í hyggju að leita eftir endurnýjun starfsleyfis.
- Hafa undirritað eiðstaf áður en þeir taka til starfa.

4. gr.

Starfssvæði dúnmatsmanna.

Dúnmatsmenn skulu vera allt að 12 talsins og starfa á starfssvæðum sem tilfærð eru í viðauka A. Allt að fimm dúnmatsmenn skulu starfa á starfssvæði Norðvesturlands. Allt að þrír dúnmatsmenn skulu starfa á starfssvæði Norðausturlands. Allt að fjórir dúnmatsmenn skulu starfa á starfssvæði Suðurlands. Ráðherra heldur skrá yfir dúnmatsmenn og útgefin starfsleyfi. Ráðherra er heimilt að fjölga dúnmatsmönnum ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Starfsskyldur dúnmatsmanna.

Ef dúnmatmaður flytur af starfssvæði sem hann hefur fengið starfsleyfi á eða reynist óvirkur í starfi getur ráðherra afturkallað starfsleyfi hans og gefið út leyfi til nýs aðila, enda uppfylli hann öll skilyrði 3. gr. Ráðherra er einnig heimilt að fjölga dúnmatsmönnum á tilteknu starfssvæði ef hann telur þörf á því.

Dúnmatsmenn skila starfsskýrslu til ráðherra eigi síðar en 15. janúar hvers árs. Skýrslan skal innihalda nöfn þeirra aðila sem dúnn var metinn fyrir, framleiðslustig vöru, heildarþyngd vottaðs dúns og fjölda útgefinna vottorða.

Við störf sín skulu dúnmatsmenn gæta hæfisreglna stjórnsýsluréttar, sbr. II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

6. gr.

Dreifing og vottun.

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinun eða dúnpvott. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat skv. 7. gr. með vottorði úr sérstakri vottorðsbók ráðuneytisins.

Dúnmatsmanni er heimilt að votta fullframleidda vöru, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, sem eingöngu er fyllt með æðardúni. Dúnmatismaður metur þá og vegur dúninn þegar fylling á sér stað.

7. gr.

Gæðamat á dúni.

Við gæðamat á fullhreinsum og/eða þvegunum æðardúni skal dúnmatismaður m.a. ganga úr skugga um að sem næst engir hnökrar, óhreinindi, kusk, ókunn efni, ryk eða fjaðrir finnist í æðardúninum. Hann skal auk þess taka tillit til eiginleika æðardúnsins, fjaðurmögnunar og litar hans.

Til að ganga úr skugga um að sem næst ekkert ryk fyrirfinnist í æðardúninum skal dúnmatismaður taka u.þ.b. 30-50 g visk af æðardúni og hrista í 15 sek. yfir hvítu blaði.

Til að ganga úr skugga um að sem næst engir hnökrar, kusk, ókunn efni eða fjaðrir leynist í æðardúninum skal dúnmatismaður nota sjónmat og snertiskyn. Til að kanna hreinleika dúnsins skal hann taka u.þ.b. 30-50 g visk af æðardúni og skoða vel.

Kostnaður við dúnmat greiðist af matsbeiðanda samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

Ráðherra staðfestir og skráir tæki og einkenni þeirra, sem lögskipaður dúnmatismaður notar við að innsigla pakkningar, enda sé um viðurkennd tæki og aðferð að ræða.

8. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða sektum.

Brot á starfsskyldum dúnmatsmanna varðar afturköllun starfsleyfis.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga um gæðamat á æðardúni nr. 52/2005 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð um gæðamat á æðardúni nr. 659/2005, sbr. reglugerð nr. 20/2006.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2011.

F. h. r.

Þorsteinn Tómasson.

Óskar Páll Óskarsson.

VIÐAUKI (sjá PDF-skjal)

VIDAUKI A

Starfssvæði dúnmatsmanna eru sem hér segir:

Norðvesturland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Akraneskaupstaður	Ísafjarðarbær
Hvalfjarðarsveit	Súðavíkurhreppur
Skorradalshreppur	Árneshreppur
Borgarbyggð	Kaldrananeshreppur
Eyja- og Miklaholtshreppur	Strandabyggð
Snæfellsbær	Bæjarhreppur
Grundarfjarðarbær	Húnaþing vestra
Helgafellssveit	Húnavatnshreppur
Stykkishólmshreppur	Blönduósbær
Reykholahreppur	Sveitarfélagið Skagaströnd
Vesturbyggð	Skagabyggð
Tálknafjarðarhreppur	Sveitarfélagið Skagafjörður
Bolungarvíkurkaupstaður	Akrahreppur

Norðausturland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Fjallabyggð	Svalbarðshreppur
Dalvíkurbyggð	Langanesbyggð
Hörgársveit	Vopnafjarðarhreppur
Akureyrarkaupstaður	Fljótshálfshérað
Eyjafljótshérað	Fljótshálfshreppur
Svalbarðsstrandarhreppur	Borgarfjarðarhreppur
Grýtubakkahreppur	Seyðisfjarðarkaupstaður
Þingeyjarsveit	Fjarðabyggð
Skútustaðahreppur	Breiðdalshreppur
Norðurþing	Djúpavogshreppur
Tjörneshreppur	

Suðurland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Sveitarfélagið Hornafjörður	Sveitarfélagið Ölfus
Skaftárhreppur	Grindavíkurbær
Mýrdalshreppur	Sandgerðisbær
Rangárþing eystra	Sveitarfélagið Garður
Rangárþing ytra	Reykjanesbær
Ásahreppur	Sveitarfélagið Vogar
Vestmannaeyjabær	Garðabær
Flóahreppur	Sveitarfélagið Álftanes
Sveitarfélagið Árborg	Kópavogsbær
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Seltjarnarnes
Hrunamannahreppur	Mosfellsbær
Bláskógabyggð	Kjósarhreppur
Grímsnes- og Grafingshreppur	Reykjavíkurborg
Hveragerðisbær	

Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyrir til þess svæðis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.